

REGLUGERÐ
um (9.) breytingu á reglugerð nr. 745/2016
um vigtun og skráningu sjávarafla.

1. gr.

31. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Grásleppa skal vegin á hafnarvog samkvæmt ákvæðum 7. gr.

Við vigtun grásleppuhroga skal brúttóvigta aflann og skrá fjölda tunna eða kara.

Við umreikning landaðra grásleppuhroga í heila grásleppu til skráningar í aflaskráningarkerfi Fiskistofu skal að frádreginni þyngd íláta miða við margföldunarstuðulinn 3,4.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða og öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 31. mars 2021.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 31. mars 2021

Leiðrétt skjal: 12. apríl 2021